

## Skólasókn nemenda

Lögum samkvæmt eru foreldrar ábyrgir fyrir því að börn þeirra sækji skóla. Kennarar og ritari skrá skólasókn í mentor og þar geta nemendur, foreldrar og kennarar fylgst með ástundun. Nemendum ber að mæta í allar kennslustundir og eiga frá upphafi skólagöngu að temja sér stundvísi. Veikindi skal tilkynna til ritara í s. 441-4600 eða á mentor. Umsjónarkennari gefur leyfi sem nemur einum skóladegi en lengra leyfi þarf að sækja um á heimsíðu skólans <http://www.karsnesskoli.is/> eða í tölvupósti til stjórnenda. Leyfisbeiðnir eiga alltaf að berast með fyrirvara, þ.e. ekki er hægt að óska eftir leyfi eftir á.

|   |        |
|---|--------|
| <b>Veikindi</b>   | 0      |
| <b>Leyfi</b>  | 0      |
| <b>Seinkoma</b>   | 1 stig |
| <b>Fjarvist</b>   | 2 stig |
| <b>Fyrir hver 5 stig lækkar ástundunareinkunn um 1 heilan</b> |        |

| Stig og einkunn              | Aðgerðir   | Ábyrgðaraðili  |
|------------------------------|--|--|
|                              | Yfirlit sent heim vikulega í gegnum Mentor, umsjónarkennari hefur eftirlit með mætingum.                           | Umsjónarkennari<br><br>Foreldrar geta gert athugasemdir við skráningar í allt að tvær vikur eftir skráningu. |
| <b>Stig 10<br/>Einkunn 8</b> | Umsjónarkennari ræðir við nemanda um skólasókn og sendir forráðamönnum bréf til upplýsingar.                       | Umsjónarkennari  |
| <b>Stig 20<br/>Einkunn 6</b> | Umsjónarkennari fundar með foreldrum og nemendum (á yngsta stigi fer eftir aðstæðum hvort nemendur sitja fundinn). | Umsjónarkennari  |
| <b>Stig 25<br/>Einkunn 5</b> | Umsjónarkennari, námsráðgjafi og foreldrar funda með nemanda og gera áætlun um að bæta stöðuna.                    | Umsjónarkennari og deildarstjóri viðkomandi stigs  |
| <b>Stig 35<br/>Einkunn 3</b> | Skólastjóri og foreldrar funda og leita lausna.  | Umsjónarkennari og skólastjóri   |
| <b>Stig 45<br/>Einkunn 1</b> | Skólastjóri vísar máli nemenda til skólayfirvalda í Kópavogi.  | Skólastjóri í samvinnu við deildarstjóra viðkomandi stigs  |

Nemandi sem er mikið fjarverandi vegna óskilgreindra veikinda, þarf að skila inn vottorði, að öðrum kosti er ferlinu hér að ofan fylgt.

Nemendum sem hafa einhverra hluta vegna slaka skólasókn, gefst tækifæri einu sinni á önn til að hækka skólasóknareinkunn með því að gera úrbótaáætlun og skrifa undir samning. Nemendur sækja um að gera slíkan samning hjá deildarstjóra.

September 2016  
Stjórnendur Kársnesskóla